



Landsmenn tóku flestir góðviðrinu í gær fagnandi. Þeir sem lögðu leið sína í miðborg Reykjavíkur áttu kost á því að kæla sig niður og renna sér á svokallaðri flennibraut í Bankastrætinu. Unga kynslóðin greip tækifærið og vatnið spýttist út um víðan völl. Ekki bar á öðru en að viðstaddir skemmtu sér konunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANDRI MARÍNÓ

## Sigllir á Jökulsárlóni með sömu réttindi

Réttindalaus skipstjóri hjólabáts sem varð ferðamanni að bana árið 2015 sigllir áfram með ferðamenn um Jökulsárlón. Hann hefur ekki sótt sér önnur réttindi en þau sem hann hafði á slysdagi. Ferðaþjónustufyrirtækið telur réttindamál starfsmanna sinna vera í lagi.

**SLYS** Starfsmaður ferðaþjónustufyrirtækis við Jökulsárlón, sem ákærður hefur verið fyrir manndráp af gáleysi vegna slyss sem varð þar í ágúst 2015, starfar enn hjá fyrirtækinu. Réttindi hans til að stýra bátnum eru þau sömu og á slysdag.

Slysið átti sér stað þegar skipstjórinn bakkaði hjólabáti á plani Jökulsárlóns. Kanadísk fjölskylda stóð fyrir aftan bátinn og tók maðurinn

ekki eftir þeim með þeim afleiðingum að einn þeirra lenti undir bátinum. Ferðamaðurinn, kanadísk kona, lést samstundis.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skilaði skýrslu um málið fyrir helgi. Þar var þeim tilmælum meðal annars beint til rekstraraðila hjólabátsins að tryggja að skipstjórar hafi tilskilin réttindi til að stýra slíkum farartækjum. Skip-

stjóri skipsins hafði réttindi til að stjórna skipum að þrjátíu brúttótonnum en þennan dag ók hann 65 brúttótonna bát.

„Skipstjórinn er með pungaþrófið. Það eru sömu réttindi og hann hafði á slysdag,“ segir Guðjón Ármannsson, lögmaður fyrirtækisins. Hann sér aðeins um mál fyrirtækisins en fer ekki með mál skipstjórans.

**Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf. telur réttindamál skipstjórnarmanna sinna í lögmatu horfi**

Guðjón Ármannsson, lögmaður Ferðaþjónustunnar Jökulsárlóns



„Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf. telur réttindamál skipstjórnarmanna sinna í lögmatu horfi. Þá er stöðugt unnið að því að bæta öryggi gesta þannig að slys sem þetta geti aldrei endurtekið sig,“ segir Guðjón.

Þingfesting er í sakamáli gegn skipstjóranum í Héraðsdómi Austurlands í dag. Verði hann fundinn sekur gæti hann átt allt að sex ára fangelsi yfir höfði sér. -jóe

## Í fótspor Kellys og Devitos

**LÍFIÐ** Leikkonan Auður Finnboga-dóttir er nýútskrifuð úr The American Academy of Dramatic Arts sem er einn virtasti leiklistarskóli Bandaríkjanna. Auður fór í gegnum námið með glans og hlaut heiðursverðlaun á útskriftinni. Verðlaunin eru þau sömu og Danny Devito, Robert Redford, Grace Kelly og Kirk Douglas hlutu á sínum tíma þegar þau útskrifuðust frá skólanum. Auður er himinsæl með árangurinn.

— gha / sjá síðu 22



Auður Finnboga-dóttir

### Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** LS Retail hefur stefnt eiganda Norðurtturnsins við Smáralind og Íslandsbanka vegna deilu um merkingar. 2

**FRÉTTIR** Sóknarnefndin á Hvals-velli hefur stefnt þjóðkirkjunni vegna meintra vanefnda á framlögum til byggingar nýrrar kirkju. 6

**SKOÐUN** Andrés Ingi Jónsson skrifar um vopnaða lögreglumenn 10

**SPORT** Ólafía fyrst íslenskra kyllinga á risamót. 12

**TÍMAMÓT** Nítján ára stelpa saumar veggteppi í Skapandi sumarstörfum 14

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Ferðastu um Ísland með Vegabréfi N1



## 100% HREIN SNILLD FRÁ ÍSLENSKUM GARÐYRKJUBÆNDUM




islenst.is

## Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?



## Veður



Vestlæg eða breytileg átt, 3-8. Skýjað að mestu og stöku skúrir, einkum sunnan- og vestanlands síðdegis. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast austan til. **SJÁ SÍÐU 16**



Verslunin Oasis hefur verið til sölu undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Bitist um fatakeðjur Kaupþings

**VIÐSKIPTI** Fjórir fjárfestahópar eru sagðir hafa áhuga á að festa kaup á fatakeðjunum Coast, Oasis og Warehouse af Kaupþingi. Keðjurnar hafa verið til sölu frá því í nóvember í fyrra og stendur vilji Kaupþings til þess að selja þær saman í einu lagi.

Áhugasamir kaupendur eru fjárfestingarsjóðurinn Alteri Partners, suður-afriksku tiskukeðjurnar Foschini Group og Truworhs og Edinburgh Woollen Mill, smásölukeðja breska kaupsvíslumannsins Philips Day, að því er segir í frétt Bloomberg.

Þegar Kaupþing setti fatakeðjurnar á sölu í fyrra var uppsett verð um 100 milljónir punda, sem jafngildir um 13,2 milljörðum króna, en talið er að líklegt kaupverð geti nú verið meira en helmingi lægra eða á bilinu 35 til 55 milljónir punda.

Félagið Aurora Fashions rekur keðjurnar Þrjár, Coast, Oasis og Warehouse, en það hefur verið í eigu Kaupþings frá árinu 2009. Áður voru þær í eigu félagsins Mosaic Fashions, sem varð gjaldþrota í kjölfar hrunsins, en Baugur Group var stærsti eigandi þess félags.

Líkt og margar verslanakeðjur hafa verslanir Aurora Fashions átt eftitt uppdráttar undanfarin ár. Fatasala hefur dregist verulega saman í Bretlandi og þá er einkaneysla jafnframt minni en áður. — kij



## Limgerðis-klippur

Mikið úrval af limgerðisklippum - með bensínmotor, rafmotor eða fyrir 18 og 36V rafhlöður



Reykjavík: Króksháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lönsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Opnunartími: Opnið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar	Vefsíða og netverslun: www.thoris
--	---	---	--------------------------------------

## Rabarbarinn tekinn upp á Árbæjarsafni



Á Árbæjarsafninu vex heilmikið af rabarbara. Hann var tekinn upp í gær enda er best að nýta hann snemma á sumrin. Það er gamalt húsráð að ef rabarbarinn er ekki nýttur strax sé best að geyma hann í ísskáp, helst með blöðunum á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

## Vilja tryggja fé til framkvæmda

**VEGAMÁL** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skoraði í síðustu viku á þingmenn kjördæmisins að tryggja að fjármagn fái stöðugt fjárlögum ársins 2018 og árunum þar á eftir til að ljúka framkvæmdum við Reykjanesbraut innan bæjarmarkanna. Um sé að ræða brýnt öryggis- og hagsmunamál.

Bæjarstjórnin ítrekaði á fundi sínum mikilvægi þess að mörkuð yrði heildarstefna fyrir framkvæmdir við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar, þar sem tímasetning framkvæmda væri ákveðin og fjármagn tryggt.

Þarinn bendir á að þegar heildarþjófurgagn til vegafremkvæmda á höfuðborgarsvæðinu sé skoðað sé ljóst að framkvæmdir við Reykjanesbraut hafa verið af skornum skammti undanfarin ár. Brýnt sé að bæta úr því hið fyrsta. — kij

# Íslandsbanka stefnt út af lógódeilu í turninum

Hugbúnaðarfyrirtækið LS Retail hefur stefnt Íslandsbanka og Norðurturninum og vill fá að hengja vörumerki sitt utan á bygginguna. Stefnan þingfest í héraðsdómi í vikunni en deilur milli leigjenda í húsinu hafa staðið yfir í rúmt ár.

**DÓMSMÁL** LS Retail hefur stefnt eiganda Norðurturnsins við Smáralind og Íslandsbanka eftir að kröfu hugbúnaðarfyrirtækisins um að það fái að hengja vörumerki sitt utan á bygginguna var hafnað. Stefnan verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudag.

Harðar deilur milli leigutaka í Norðurturninum komu, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, upp eftir að Íslandsbanki tilkynnti að höfuðstöðvar fyrirtækisins yrðu fluttar í Norðurturninn. Samkvæmt stefnunni, sem blaðið hefur undir höndum, gerir LS Retail kröfu um að ögild verði með dómi ákvörðun Norðurturnsins hf. um að Íslandsbanki megi einn leigutaka setja upp vörumerki á stigahús hennar. Hugbúnaðarfyrirtækið gerir kröfu um að lógó Íslandsbanka verði fært niður og að vörumerki LS Retail verði staðsett fyrir ofan það.

Samkvæmt stefnunni var LS Retail, sem er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki og leigir fimm hæðir í turninum, fyrsti leigutakinn til að ganga til samninga við Norðurturninn eða í nóvember 2015. Á þeim tíma hafi eingöngu staðið til að turninn yrði merktur lógó Smáralindar. Það hafi síðan breyst með tilkynningu Íslandsbanka í apríl í fyrra. Stjórnendur LS Retail hafi einnig í júní 2016 mótmælt harðlega áformum um að heiti byggingarinnar yrði breytt í Íslandsbanka-turninn og að lógó dótturfélaganna Ergo og VIB yrðu einnig hengd utan á hana.

LS Retail skorar í stefnunni á Norðurturninn að leggja fram uppfærða hluthafaskrá Norðurturnsins



Íslandsbanki fór fram á að nafni Norðurturnsins yrði breytt í Íslandsbanka-turninn. Sú krafa féll í grýtta jörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» Samkvæmt stefnunni var LS Retail fyrsti leigutakinn til að ganga til samninga við Norðurturninn.

en Íslandsbanki er einn eigenda byggingarinnar og átti í mars 2016 alls 22,85 prósent hlut. Einnig að Íslandsbanki leggi fram lánasamninga hans við Norðurturninn og leigusamning Íslandsbanka.

Sigrún Dóra Sævínsdóttir, rekstrarstjóri LS Retail, sagði í samtali við Fréttablaðið þann 16. júní að fyrirtækið fari fram á að jafnræðis verði gætt varðandi merkingar utan á húsinu. LS Retail hafi ítrekað lagt fram málemiðlunartillögur sem hafi verið hafnað. Ríkhart Ottó Ríkhartsson, framkvæmdastjóri Norðurturnsins, vildi þá ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. [haraldur@frettabladid.is](mailto:haraldur@frettabladid.is)



**RENAULT**  
Passion for life

# NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.



## NÝR RENAULT MEGANE ZEN 1,5 DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM\*

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.

### VERÐ: 2.890.000 KR.

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjórnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphitun framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



## Kjálkinn mögulega úr fornum kirkjugarði

**VÍSINDI** Kjálkabein af manni sem fannst í fjöruborðinu í Borgarnesi hinn 16. júní síðastliðinn kann að vera úr kirkjugarði á Melum í Mela-sveit sem farinn er undir sjó.

„Fyrstu bráðabirgðaniðurstöður benda til að þarna virðist vera um gamalt bein að ræða,“ segir Gylfi Gylfason hjá kennslanefnd Ríkislög-reglustjóra. Þar vísar hann í bráðabirgðaniðurstöður réttartannlæknis sem er í kennslanefndinni. Gylfi segir að enn sem komið er sé ekkert hægt að fullyrða um gamla kirkjugarðinn. „Ég veit ekki hvaðan þetta er en þetta verður skoðað áfram,“ segir hann. Hann segir mögulegt að beinið verði sent til útlanda í aldursgreiningu.

Álfheiður Gunnsteinsdóttir var í fjöruferð ásamt manni sínum og syni í Borgarnesi þegar þau rákust á kjálkabeinið. Jón Ólafsson, yfir-lögregluþjónn á Vesturlandi, sagði við Visi að fundur sem þessi sé ekki algengur. Búist er við því að svæðið verði skoðað nánar og athugað hvort að fleiri bein finnist. – jhh



Ekki þarf lengur sérstakt leyfi til að taka myndir með dróna í Svíþjóð.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Leyfa nú myndatöku með dróna

**SVÍÞJÓÐ** Sænska þingið hefur breytt lögum þannig að frá og með 1. ágúst þurfa fyrirtæki og einstaklingar ekki sérstakt leyfi til að nota dróna með eftirlitsmyndavélum. Tekið er fram að þeir sem noti dróna til að taka myndir verði að gæta að persónuvernd. Til dæmis er óheimilt að taka myndir með dróna án þess að viðkomandi hafi möguleika á að uppgötva það.

Dómstóll hafði kveðið upp þann úrskurð í október að bannað væri að taka myndir með dróna án sérstaks leyfis. – ibs

## Engin tilboð bærust í eignir Háskólans á Bifröst

**VÍDSKIPTI** Ekki bærust tilboð í Hótel Bifröst eða aðrar fasteignir Háskólans á Bifröst sem boðnar voru til sölu í vor. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru þó einhverjar þreifingar í gangi um möguleg kaup á eignunum, en ekki er talið að málin skýrist fyrr en í næstu eða þarnæstu viku.

Tilkynnt var um áform háskólans um að selja eignirnar, ásamt rekstri hótelsins, í apríl síðastliðnum. Hótel-elið hefur verið í rekstri frá árinu 2013

og tilheyrir því 51 herbergi auk veitingasalar í rekstri. Auk þess voru sett á sölu tvö fjölbylishús með 48 íbúðum sem nýst geta undir hótélrekstur og þá bauðst fjárfestum einnig til kaups fjölbylishús með möguleika á frekari stækkun, alls 88 herbergi. Ráðgjöfum Capacent var falið að annast sölu.

Í boði var að kaupa eignirnar, sem og rekstur hótelsins, að hluta eða öllu leyti og voru þær verðmetnar á bilinu 1,5 til 2,5 milljarðar króna. Í tilkynningu frá skólanum á sínum tíma kom

# 55

milljóna króna tap varð af rekstri Háskólans á Bifröst árið 2015

fram að eignirnar hefðu verið settar á sölu til að bregðast við fækkun sem hafði orðið í staðnámi hjá skólanum. Ekki væri lengur sama þörf og áður

fyrir húsnæði á svæðinu. Um áttatíu prósent af nemendum skólans eru í fjarnámi.

Auk þess hefur skólinn glímt við fjárhagserfiðleika undanfarin ár og er sölunni á eignunum þannig ætlað að bæta fjárhagsstöðuna og gera skólanum kleift að greiða niður skuldir. Alls varð 55 milljóna króna tap af rekstri skólans árið 2015 og var eigið fé þá neikvætt um 155 milljónir. Unnið hefur verið að endurskipulagningu rekstrarins síðustu ár. – kj

## Hæstiréttur „gríðarlega tregur“ til að fjalla um félagsleg réttindi

Doktorsnemi í lögfræði við Harvard-háskóla segir margt gefa til kynna að staða félagslegra réttinda fyrir íslenskum dómstólum sé veik. Vernd þeirra hafi auk þess hrakað á allra síðustu árum. Hann segir nýjustu dóma Hæstaréttar benda til þess að rétturinn sé tregur til þess að fjalla um félagsleg réttindi.

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur ekki fallist á málsástæður gegn ríkinu á grundvelli 76. greinar stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að öllum skuli tryggður réttur til aðstoðar vegna meðal annars sjúkleika, frá því árið 2000. Doktorsnemi í lögfræði við Harvard-háskóla segir nýjustu dóma réttarins benda til þess að hann sé „gríðarlega tregur“ til þess að fjalla um félagsleg réttindi. Dómstólum sé heimilt og skylt að leggja efnislegt mat á það hvort stjórnarskrávarin réttindi séu virt í raun og veru. Ef Hæstiréttur hverfi frá því hlutverki sínu sé hugmyndin um lagalega vernd félagslegra réttinda í verulegri hættu.

Lögmaðurinn Kári Hólmar Ragnarsson, sem er einn af eigendum lögmannsstofunnar Réttar og auk þess doktorsnemi við Harvard-háskólann, fjallar um nýja dómafrákvæmd um félagsleg réttindi í grein í nýjasta tölublaði Úlfjólts, tímarits laganema við Háskóla Íslands. Hann segir frákvæmdina gefa til kynna að staða félagslegra réttinda fyrir íslenskum dómstólum sé veik og vernd þeirra hafi hrakað á allra síðustu árum.

Í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar segir að öllum, sem þess þurfa, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Í grein sinni rekur Kári Hólmar að Hæstiréttur hafi aðeins einu sinni fallist á málsástæðu á grundvelli ákvæðisins, en það var í hinum svonefnda Öryrkjabandalagsdómi árið 2000. Þá komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að



Hæstiréttur hefur ekki fallist á málsástæður gegn ríkinu á grundvelli 76. greinar stjórnarskrárinnar, sem kveður á um rétt manna til aðstoðar vegna meðal annars sjúkleika, frá því í Öryrkjabandalagsdómnum árið 2000. FRÁTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Nýjustu dómur Hæstaréttar benda til þess að rétturinn sé gríðarlega tregur til þess að fjalla efnislega um félagsleg réttindi**

Kári Hólmar Ragnarsson, doktorsnemi í lögfræði við Harvard-háskóla



lög frá Alþingi, sem fólu í sér skerðingu örorkubóta vegna tekna maka, brytu í bága við umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hann segir að í kjölfar dómsins hafi verið höfð uppí stór orð um að beiting dómstóla á félagslegum réttindum gæti leitt af sér stórvægilegar breytingar á stjórnskipuninni. Sá spádómur hafi hins vegar ekki ræst. „Þótt fjöldi mála þar sem ákvæðinu er borið við hafi aukist á síðustu árum, þá hefur Hæstiréttur hafnað öllum kröfunum. Í ýmsum tilvikum hefur Hæstiréttur ekki einu sinni tekið afstöðu til ákvæðisins, þótt því sé borið við,“ segir hann.

Héraðsdómur hefur einu sinni fallist á málsástæðu á grundvelli 76.

greinarinnar, árið 2015, en í þeim dómi var talið að óheimilt hefði verið að synja sjón- og heyrnarskertri konu um endurgjaldslausu tákmalstúlkun á grundvelli fjárskorts. Slik synjun var talin brjóta í bága við rétt konunnar til aðstoðar samkvæmt 76. greininni. Dómnum var ekki áfrýjað.

Kári Hólmar segir umræddan dóm héraðsdóms ljós í myrkurinu fyrir þá sem tala fyrir því að dómstólar beiti stjórnarskránni til þess að vernda félagsleg réttindi. Í dómnum hafi rétturinn beitt þeim mælikvarða sem þróaður var í Öryrkjabandalagsdómnum, þ.e. að meta annars vegar hvort lágmarksréttindi séu tryggð, án þess að skilgreina endilega hver þau séu, og hins vegar hvort fyrirkomulag löggjafarinnar sé málefnalegt.

Meiri möguleikar virðast vera á því að fá félagsleg réttindi viðurkennd fyrir dómstólum í gegnum önnur stjórnarskrárákvæði, einkum jafnræðisreglu 65. greinar og hugsanlega eignarréttarákvæði 72. greinar, að sögn Kára Hólmar.

Hann segir ekki samræmi vera á milli dóma hvað varðar aðferðir og mælikvarða við mat á því hvort brotið sé gegn 76. greininni. „Nýjustu dómur Hæstaréttar benda til þess að rétturinn sé gríðarlega tregur til þess að fjalla efnislega um félagsleg réttindi og gefa í skyn að grundvallarálitaeftni á þessu sviði, til dæmis um fjárhæð örorkulífeyris, falli nær alfaríð utan valdsviðs dómstóla. Þannig hefur Hæstiréttur í raun skipað fjárfjárstjórnarvaldi lögjafans ofar stjórnskipulegum réttindum.“ kristinningi@frettabladid.is

## Greinakurlarar

í garðinn eða sumarbústaðinn



Wolf Garten  
Model SDL2800

Einfasa rafmótor 2800 W  
Sjálfbrynandi kurlaravals  
Koma með safnkassa  
Meðfærilegir og hljóðlátir  
45 mm hámarks sverleiki stofna  
Flottur í garðinn eða í sumarbústaðinn

Kr. 51.000,-  
með VSK

**PÓR** HF

**Reykjavík:**  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:**  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Opnunartími:**  
Opnið alla virka daga  
frá kl 8:00 - 18:00  
Lokað um helgar

**Vefsíða og netverslun:**  
www.thor.is



Jo Beau  
Model M200

Öflugur og afkastamikill  
9 HP Honda bensínmotor  
60 mm hámarks sverleiki stofna  
Hámarks afköst 2.5 m<sup>3</sup> / klst  
Tilvalinn í sumarbústaðinn

Kr. 395.000,-  
með VSK



# NJÓTTU STARFSINS. GÆÐIN HRÍFA.



NEMO VERÐ FRÁ:  
**1.766.129** KR.  
ÁN VSK  
2.190.000 KR. MEÐ VSK



JUMPY VERÐ FRÁ:  
**2.701.613** KR.  
ÁN VSK  
3.350.000 KR. MEÐ VSK



BERLINGO VERÐ FRÁ:  
**2.048.387** KR.  
ÁN VSK  
2.540.000 KR. MEÐ VSK

## NEMO, BERLINGO & JUMPY

NÚTÍMALEG HÖNNUN • HAGKVÆMIR • SNAGGARALEGIR • RÚMGÓDIR • SPARNEYTNIR  
GOTT VERÐ • HLIÐARHURÐIR • ÖRYGGISGRINDUR • MISMUNANDI STÆRÐIR OG LENGDIR

[citroen.is](http://citroen.is)

Citroën sendibílar eru framleiddir með gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í huga. Mikil áhersla er lögð á sparneytni og fyrirtaks vinnuástöðu með góðu aðgengi. Þú getur stólað á fyrsta flokks gæði, öryggi og fyrirmyndarþjónustu Citroën sendibíla. Nemo er snaggaralegur sendibíll, litill að utan en rúmgóður að innan með hliðarhurðum og fellanlegu skilrúmi til stækka rýmið og flytja lengri hluti. Berlingo er með þremur framsætum og kemur í tveimur lengdum, fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og góðri burðargetu. Jumpy er notendavænn og aðlagar sig að þínum þörfum, rýmið er allt að 6,6 m<sup>3</sup> að rúmmáli og allt að 4 metrum að lengd með Moduwork búnaðinum. Til viðbótar getur hann dregið allt að 2,5 tonn. Hægt er að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum.

**PLUKKFIŠKUR**

**HAFIÐ FISKVERSLUN**

Hlíðasmára • Spönginni • Skipholt

**HUMAR**

## Múslimar fagna föstulokum

**TYRKLAND** Múslimar um gjörvallan heim fögnuðu í gær hátiðardeginum Eid al-Fitr. Dagurinn markar lok föstumánaðarins Ramadan og var bænahald sem og átveislur af því tilefni víða um heim.

Á Ramadan neyta múslimar meðal annars hvorki matar né drykkjar frá sólarupprás til sólarlags. Ramadan hefst og lýkur á nýju tungli og er mánuðurinn sá níundi í tímatali íslam. Þar sem tímatalið er frábrugðið tímatali Vesturlandabúa færast hátiðin til ár frá ári.

Nýtt tungl sést hins vegar á mismunandi tíma í mismunandi heimhlutum. Þannig fögnuðu Sádi-Arabar, Katarar, Tyrkir og fleiri Eid al-Fitr í gær en Indverjar, Pakistanar og fleiri fagna föstulokum í dag.

Sadiq Khan, fyrsti músliminn sem varð borgarstjóri Lundúna á Bretlandi, óskaði múslimum um



Bænahald múslima í tyrknesku borginni Adana. NORDICPHOTOS/AFP

heim allan gleðilegrar hátiðar í gær. „Við höfum gengið í gegnum afar erfiða tíma hér í Lundúnum á meðan Ramadan hefur staðið.

Á þeim erfiðu tímum hefur verið magnað að sjá hversu vel samfélagið hefur unnið saman,“ sagði Khan. – þea

## Útfarir á bílastæði og kirkjunni stefnt

Sóknarnefndin á Hvolsvelli hefur stefnt þjóðkirkjunni vegna meintra vanefnda á framlögum til byggingar nýrrar kirkju. Gamla kirkjan tekur innan við 100 manns í sæti. Í jarðarförum situr fólk í bílum og hlustar á athöfnina í útvarpinu.

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Það er algerlega með ólíkindum hvernig kirkjuráð hefur hagað sér í þessu máli,“ segir séra Halldór Gunnarsson, formaður byggingarnefndar Stórolfshvolsóknar á Hvolsvelli, um málaferli sóknarinnar gegn þjóðkirkjunni.

Halldór segir að kirkjuráð hafi á árinu 2010 samþykkt fjárveitingu til nýrrar kirkju á Hvolsvelli. Greiða átti tíu milljónir króna vegna undirbúnings og síðan 20 milljónir á ári í fjögur ár á framkvæmdatímanum, samtals 90 milljónir króna. Þegar þetta hafi brugðist hafi sóknin kært málið til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar sem úrskurðað hafi sókninni í vil. Kirkjuráð hafi hins vegar vísað málinu til áfrýjunarnefndar innan kirkjunnar og haft sigur þar.

„Það var á þeim forsendum að kirkjuráð gæti gert það sem því sýndist,“ segir Halldór um niðurstöðu áfrýjunarnefndar. Sóknarnefnd og byggingarnefnd Stórolfshvolsóknar hafi nú hins vegar stefnt þjóðkirkjunni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur á þeim grundvelli að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar sé ógildur því nefndin hafi aðeins verið skipuð þremur mönnum en ekki fimm eins og lög mæli fyrir um.

„Það nýjasta er að lögfræðingur biskupsstofu hefur, að því er mér skilst, sagt að málið væri tapað fyrir kirkjuráð,“ upplýsir Halldór. Fari dómsmálið þannig gæti kirkjuráð þó óskað eftir nýrri áfrýjunarnefnd. „Eins og kirkjuráð hefur látið mætti alveg eins búast við því,“ segir Halldór. Reyndar mun lögmaður kirkjuráðs þegar hafa óskað eftir því við áfrýjunarnefndina að taka málið upp að nýju.

Jens Sigurðsson, formaður sóknarnefndar Stórolfshvolsóknar, segir að þegar liggja fyrir lóð frá Rangáringi eystra fyrir nýja kirkju sem jafnframt yrði menningarhús. Það



Gestir í jarðarförum frá Stórolfshvolskirkju rúmast oft ekki innandyrna og hlusta á athöfnina í bílaútvörpum. Það var einmitt raunin í fjölmennri útför Sveins Sigurðssonar byggingameistara á föstudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

eigi að rúma allt að 450 manns og kosta á 200 til 300 milljónir króna. Málið gagnvart kirkjuráði sé svo flókið að hann botni eiginlega ekkert í því sjálfur. Borist hafi 4,5 milljónir króna af umræddum tíu milljónum en síðan ekki söguna meir. Vilyrði annarra aðila, eins og sveitarfélagsins og héraðsnefndar Rangæinga, fyrir framlagi til byggingar nýju kirkjunnar séu bundin því að peningarnir skili sér frá kirkjuráði.

Í þessari stöðu er málið því enn nánast á byrjunarreit. Þar til það breytist þurfa sóknarbörnin að láta gömlu kirkjuna frá árinu 1930 duga. Sem kirkjan gerir reyndar alls ekki ef marka má þá Halldór og Jens enda taki hún aðeins um 80 manns í sæti. Það dugi auðvitað ekki fyrir fjögur til fimm hundruð manna jarðarfarið sem fara þar ídulega fram.

„Þá er bara setið út í bíl og útvarpað þangað. Svo er til að fólk vill þetta ekki og fer þá í kirkjuna á Selfossi til að geta setið inni,“ segir Jens og vísar þá til þeirra aðferðar sem

Það er algerlega með ólíkindum hvernig kirkjuráð hefur hagað sér í þessu máli,

Halldór Gunnarsson, formaður byggingarnefndar Stórolfshvolsóknar



mun vera beitt í fleiri litlum kirkjum úti á landi að útvarpa fjölmönnum athöfnum svo þeir sem ekki rúmast innanhúss geti setið þrúðbúnir úti í bíl og heyrt það sem fram fer.

„Auðvitað vill söfnuðurinn því reisa stærra kirkju. Það er skritið að koma okkur af stað og klippa svo bara á,“ segir formaður sóknarnefndarinnar. gar@frettabladid.is

## Plastdúkkan Ken fær yfirhalningu

**VIÐSKIPTI** Plastdúkkan Ken sem hefur fylgt Barbie í yfir fimmtíu ár hefur fengið yfirhalningu, en Mattel, framleiðandi dúkkunnar, kynnti nýjar tegundir af Ken á þriðjudag.

Nú er hægt að kaupa Ken í þremur mismunandi líkamsstærðum

og og velja á milli sjö hörundslita. Einnig má velja úr átta mismunandi litum á hári, níu hárstilum og augnlitum. Fatnaður Kens er nú mun fjölbreyttari.

Tíu nýjar Ken dúkkur eru komnar í verslanir vestanhafs og fimm nýjar koma í næstu mánuðum. Á síðasta

ári fékk Barbie einnig yfirhalningu en þá komu fjórar mismunandi líkamsgerðir út og einnig sjö hörundslitir.

CNN greinir frá því að síðan fyrsta Ken dúkkan kom út árið 1961 hefur dúkkan þróast verulega. Barbie og Ken hættu saman árið 2004. –sg

MARGIT BRANDT  
COPENHAGEN

DRANELLA®



PULZ  
JEANS



**MOMO**

TÍSKUVÖRVERSLUN

Garðatorgi 1 | www.momo.is | S: 588-2880



Full búð af  
nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN  
Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

Skemmtanir  
Árshátíðir  
Grímuböll  
Dimmisjón  
ofl. & ofl.

Ykkar skemmtun....  
....okkar fókus

**HOKUS  
POKUS**



www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955



**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER WAY**

# FARÐ' OG SLEPPTU ÞÉR ÚT Í SUMARIÐ

ISLENSKVIÐSKAFTIÐ 481110617



~~Verð frá: 1.680.000 kr.~~

Þið smellpassið saman. AYGO og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum. Njóttu þess að mynda ný tengsl með AYGO í sumarsólinni.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Kvika gefur út sex mánaða víxla

## Reykjavík, 26. júní 2017

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 17 1221 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta, þann 23. júní 2017, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útrentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku [www.kvika.is/verdbrefalysingar](http://www.kvika.is/verdbrefalysingar).

# KVIKA

[kvika.is](http://kvika.is)

# Fríverslunarsamningur við ESB ekki sjálfgefinn

Brexitmálaráðherra segir líklegt, þó ekki öruggt, að fríverslunarsamningur náist við Evrópusambandið. Enginn samningur væri þó betri en samningur sem væri til þess gerður að refsa Bretum fyrir væntanlega útgöngu úr sambandinu.

**BRETLAND** Ekki er öruggt að Bretar nái fríverslunarsamningi við Evrópusambandið í kjölfar útgöngu landsins úr sambandinu. Þetta sagði David Davis Brexitmálaráðherra í samtali við BBC í gær. „Ég er nokkuð viss um að við náum samkomulagi. Ég er ekki hundrað prósent viss en það getur maður aldrei verið, þetta eru samningaviðræður,“ sagði Davis.

Að mati Davis hafa allnokkur ríki sambandsins mikinn hag af því að ná góðum samningi við Bretland. Ef ESB ætlaði hins vegar að bjóða Bretum „refsingarsamning“ væru Bretar tilbúnir til þess að slíta viðræðum. „Við erum með áætlun sem við munum fylgja verði sú raunin,“ sagði Davis.

Forsætisráðherra Bretlands, Theresa May, hefur sjálf þurft að sæta gagnrýni fyrir orð sín um að „enginn samningur væri skærri en slæmur samningur“.

Það hefur fjármálaráðherrann Philip Hammond einnig sagt. Í síðustu viku sagði hann að það væri vissulega slæmt fyrir Bretland ef enginn samningur næðist. „Verra væri hins vegar ef samningurinn væri sérstaklega til þess gerður að mergsjúga breska hagkerfið,“ sagði Hammond.



David Davis (t.v.) og Michel Barnier (t.h.), formenn samninganefnda Bretlands og Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Davis fer fyrir samninganefnd Breta en viðræður við hliðstæðu hans hjá ESB, Michel Barnier, hófust í síðustu viku. „Hann vill ná samkomulagi alveg jafnmikið og við,“ sagði Davis.

Davis sagði að Bretar vildu ná samkomulagi sem þjónaði hagsmunum beggja aðila. Hins vegar væri afar líklegt að nokkur aðlögunartími yrði eftir Brexit og myndu Bretar þá ekki geta stundað fríverslun við Evrópusambandsríki í eitt eða tvö ár.

Í síðustu viku fundaði May með öðrum leiðtogum Evrópusambands-

ríkja. Lagði hún þá fram samnings-tilboð Breta um réttindi borgara Evrópusambandsins er búa á Bretlandi. Mætti tilboð Breta nokkurri gagnrýni, meðal annars frá Donald Tusk, forseta leiðtogaráðs ESB.

Í viðtali gærdagsins sagðist Davis vilja klára þær viðræður sem fyrst. Til að mynda þyrfti að ræða landamærin á milli Norður-Írlands, er tilheyrir Bretlandi, og Írlands, sem er aðildarríki ESB. Davis sagði vilja ríkisstjórnar May að hafa „ósýnileg landamæri“ á svæðinu. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

Landsvirkjun LANDSNET

## Hvammsvirkjun

Kynning á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í neðri Þjórsá.

Landsvirkjun býður í opið hús þar sem kynnt verður frummatsskýrsla um framkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar. Á fundinum verður framkvæmdin kynnt á veggspjöldum og skjám og fulltrúar frá Landsvirkjun, Landsneti og Eflu svara fyrirspurnum.

Nú hefst opinbert ferli þar sem almenningur getur sent inn ábendingar og athugasemdir. Við hvetjum alla áhugasama til að kynna sér verkefnið.

Allir velkomnir!

Opið hús á Nauthóli í Reykjavík

Fimmtudagur 29. júní kl. 17–19

Rafræn útgáfa af frummatsskýrslunni er aðgengileg á [hvaumur.landsvirkjun.is](http://hvaumur.landsvirkjun.is).



Bíllinn er illa bruninn og mikið skemmdur. NORDICPHOTOS/AFP

## Mannskæður eldsvoði í Pakistan

**PAKISTAN** Að minnsta kosti 140 fórust þegar kviknaði í oliuflutningabil í pakistönsku borginni Ahmedpur í gær.

Yfirvöld á svæðinu greina frá því að bíllinn hafi farið á hliðina þegar eitt dekkja bílsins sprakk í beygju. Þá hafi borgarbúar mætt á svæðið til að safna saman olíu sem lak úr bílnum.

BBC greinir frá því að líklega hafi kviknað í olíunni út frá sigarettu. „Nokkuð smávægilegt atvik varð þannig að gríðarlegum harmleik,“

sagði slysavarnamaðurinn Jam Sajjad við BBC.

Voru herþyrlur sendar á vettvang til að ferja særða og látna á spítala. Búið er við því að tala látinna muni hækka enn frekar. Þá greina þarlendir miðlar frá því að fórnarlömb slyssins hafi mörg hver brennst svo illa að ómögulegt sé að bera kennsl á þau nema með DNA-prófum.

Nawaz Sharif, forsætisráðherra Pakistan, stytta ferð sína til Lundúna vegna atviksins og hélt heim á leið í gær. – þea

## Lögregla stöðvaði gleðigöngu í Istanbúl

**TYRKLAND** Fjölmargir lögreglumenn voru á götum Istanbúl borgar í Tyrklandi í gær til þess að stöðva gleðigöngu hinsegin fólks sem þar átti að fara fram. Höfðu skipuleggjendur göngunnar heitið því að gangan yrði haldin þrátt fyrir að yfirvöld hefðu bannað hana og borið fyrir sig hótunum öfgahópa.

För svo að lagt var af stað í gönguna en þegar lögregla mætti

göngunni skaut hún gúmmikúlum til að stöðva gönguna og handtók allnokkra að því er BBC greinir frá.

Samkynheigð er ekki ólögleg í Tyrklandi, líkt og hún er víða í ríkjum þar sem hugmyndafræði bókstafstrúarmúslima ræður ríkjum. Þó er andúð gegn hinsegin fólki grasserandi í ríkinu.

Þetta er þriðja árið í röð sem yfirvöld í Istanbúl banna gleðigöngu. – þea



SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



Way of Life!

# SUMAR SPRENGJA SUZUKI!



**ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND  
FYRIR GAMLA BÍLINN.  
ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI  
OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á GLÆSILEGUM, NOTUÐUM GRAND VITARA**



NÚ FER HVER AÐ  
VERÐA SÍÐASTUR AÐ  
TRYGGJA SÉR  
GRAND VITARA  
Á ÞESSUM FRÁBÆRU  
KJÖRUM.

TILBOÐIÐ RENNUR ÚT  
30. JÚNÍ!

Eigum fjölbreytt úrval af notuðum Grand Vitara, bjóðum  
hagstæð lánakjör. Tilboðið gildir til 30. Júní 2017

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi  
með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOÐ Í 28 ÁR



FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Tvær þjóðir

Magnús  
Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Auðvitað eigum við að meta menntun, hæfileika og ábyrgð fólks að verðleikum. Gæta þess að það fólk sem sinnir mikilvægum störfum í samfélaginu njóti kjara sem endurspeglar ábyrgð þess og færni. Eflaust er þetta það sem kjararáð er leitast við að gera í sínum störfum þegar það er bjástra við að endurmeta kaup og kjör mis mikilvægtra starfsstétta. En fyrir má nú rota en dauðrota.

Flestum er enn í fersku minni, að þingheimi líkast til undanskyldum, hraustlegar launahækkanir þingmanna í vetur sem leið. Þar var nú ekki verið að draga af sér eða halda í við þensluna eins og þegar kemur að því að semja við stéttir á borð við kennara eða hvað þá kjör aldraðra og öryrkja sem eru svo nánasargleg að það gerir okkur öllum skömm til í samfélagi sem á eldri kynslóðunum margt og mikið að þakka.

Nýjasta útspilið hjá kjararáði kom í síðustu viku og felur í sér hraustlegar hækkanir til ýmissa starfsstétta svo sem sendiherra, forsetaritarar, varaforseta Hæstaréttar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, framkvæmdastjóra Friðafnarinnar og fleiri. Vissulega vinnur þetta fólk mikilvæg og oft sérhæfð störf en þrátt fyrir það er ágætt að hafa í huga að enginn er ómissandi og það heilmikið til af snjóllu og vel menntuðu fólki á Íslandi. En það eru þó ekki endilega hækkanirnar sjálfar sem fara fyrir brjóstið á mörgum landsmönnum og það skiljanlega heldur sú staðreynd að hækkanirnar eru margar hverjar afturvirkar. Sumar hækkanirnar eru afturvirkar til október á síðasta ári, aðrar í heila átján mánuði og oftar en ekki hefur verið tekið tillit til fastákveðinnar yfirvinnu.

Ef við látum nú liggja á milli hluta að þessar ágætu stéttir séu á þessum launum, sem í augum flestra borgara eru eitthvað sem kalla má vel í lagt, þá hlýtur engu að síður þessi afturvirknisstefna kjararáðs að vekja spurningar. Í fyrsta lagi þá má vel segja að umræddar stéttir hafi fyrir hækkan notuð kjara sem margir væru meira en sáttir við. Eftir hækkan eru launin rausnarleg og því hæpið að halda því fram að samfélagið sé í einhverri afturvirkri skuld við viðkomandi stéttir. Kjararáð sem er skipað af fimm ráðsmönnum, þremur kosnum af Alþingi, einum frá Hæstarétti og einum frá fjármála- og efnahagsráðherra virðist þó líta þannig á málið. Kjararáð er nefnilega að úthluta fjármunum almennings í þessum afturvirkni úthlutunum. Fjármunum sem gætu edli málsins samkvæmt farið til þjóðþrifaverkefna þó svo heildarupphæðin sé kannski ekki há í stóra samhengi ríkisútgjaldanna.

En þrátt fyrir allt er það ekki stóra málið heldur sú síðferðislega afstaða sem þessar ítrekuðu afturvirkni hækkanir fela í sér. Í þessum stóru afturvirkni hækkanunum er nefnilega fólgin lítillsvirðing við þá sem sist hafa kjörin á Íslandi og þá ekki sist fyrri kynslóðir sem byggðu upp þetta samfélag. Í þessu er aðeins fólgin staðfesting á því að á þessu landi búa tvær þjóðir, við gjörólíkar aðstæður og misjafnt jafnrétti til kjara og mannsæmandi lífs.



En þrátt fyrir allt er það ekki stóra málið heldur sú síðferðislega afstaða sem þessar ítrekuðu afturvirkni hækkanir fela í sér.

Halldór



## Frá degi til dags

**Framboðsskorturinn**  
Stjórnmalaflokkarnir eru farnir að huga að því hvernig þeir ætla að stilla upp listum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor. En eins og staðan er núna er það algjörlega óvíst hvort það verði ofgnótt frambjóðenda sem gefi kost á sér í prófkjörum. Eins og oft hefur verið fjallað um er mikil spennan í atvinnulífinu og atvinnuleysið nam einungis 3,2 prósentum í maí. Í slíkum aðstæðum er jafnan gnótt vel-launaðra starfa sem hófa til frambærilegs fólks frekar en hið pólitíska argaþras.

**Nýgræðingur í pólitíkinni**  
Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar og fjármála- og efnahagsráðherra, vakti undrun og jafnvel hneykslan manna þegar hann kokgleypti við hugmyndum nefndar um að taka 10 þúsund kallinn og fimm þúsund kallinn úr umferð. Hann var fljótur að skipta um skoðun, bætti svo um betur og viðurkenndi mistök í viðtali á Sprengisandi í gær.

Ýmsir flokksfélagar Benedikts hugsa honum þegjandi þörfina fyrir klúrið og sumir þeirra vilja jafnvel skipta honum út fyrir annan formann. Benedikt er þó vorkunn, því þótt hann sé ekkert unglamb má segja honum til varnar að hann er nýgræðingur í pólitíkinni. Það kann því vel að vera að hann hafi gert byrjendastök sem hann verði síðan fljótur að læra af.

jonhakon@frettabladid.is

## Þegar óttinn magnast upp

Andrés Ingi  
Jónsson  
Þingmaður  
Vinstri grænna

Skáldkonan Hulda orti Hver á sér fegra föðurland í tilefni af lýðveldisstofnun árið 1944. Þarna sat hún í hersetnu landi í miðri síðari heimsstyrjöldinni og setti á blað línur til að lýsa tilfinningunni sem fylgir því að tilheyra friðsælu og herlausu ríki. Landi „með friðsæl býli, ljós og ljóð, svo langt frá heimsins vígaslóð“.

Heimurinn hefur breyst mikið síðan lýðveldið Ísland leit dagsins ljós, en bjartsýnin er enn til staðar. Það lýsir sér til dæmis í því að þegar Maskína spurði í mars sl. hvort fólk óttaðist að hryðjuverk yrðu framin á Íslandi svöruðu ekki nema tæp átta prósent því játandi. Þar kom reyndar fram að því meira sem fólk hugsar um hryðjuverk, því meiri áhyggjur hefur það af þeim.

Það er nefnilega hætt við að óttinn við hryðjuverk nærri sjálfan sig og vaxi þannig langt umfram raunverulega hættu.

Þess vegna var mikill ábyrgðarluti af ríkislögreglustjóra að setja vopnaða sérsveitarmenn í almenna löggæslu á fjölskylduviðburðum í Reykjavík fyrir í mánuðinum. Í landi þar sem lögregla er almennt vopnlaus, þá sendir vopnaður lögreglu maður þau skilaboð út í umhverfið að hætta sé á ferðum.

Enda sést í nýrri könnun frá Maskínu að nú eru ríflega 47 prósent Íslendinga orðin hlynt því að vopnaðir lögreglumenn séu sýnilegir á fjölda-samkomum. Reyndar er stuðningurinn minnstur hjá Reykjavíkum, þeim sem hafa þurft að horfa upp á vígvæðingu hátíðarhalda í borginni sinni, en mestur í landslutum þar sem fólk berst bara ómurinn af óttaþöskapnum. Þöskap sem greinilega situr eftir og hefur áhrif.

Íslendingar bera mikið traust til lögreglunnar, enda verðum við að geta treyst henni þegar á reynir. Hluti af því er að geta litið á hana sem jafningja í þjónustuhlutverki, sem gjörbreytist þegar vopn eru komin í spilið. Við hljótum að geta fundið leiðir til að tryggja öryggi landsmanna án þess að breyta þessu grundvallareðli löggæslunnar.



Við hljótum að geta fundið leiðir til að tryggja öryggi landsmanna án þess að breyta þessu grundvallareðli löggæslunnar.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?



Þú getur treyst á TUDOR

Fristunda rafgeymar í miklu úrvali,  
AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

# Trunt trunt og tröllin í hillunum

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson



**Það er gaman að skoða túristaskran því að þar kjarnast hugmynd viðkomandi þjóða um sjálfar sig.**

Ég heyrði um daginn skemmtilegt spjall sem Ósk Vilhjálmisdóttir myndlistarmaður og ferðafrömuður hélt þar sem kom fram ýmislegt um áhrif erlendra ferðamanna á íslenska menningu, jákvæð og neikvæð. Meðal þess sem Ósk nefndi var að túrismi er hér mun eldri en við gerum okkur alltaf grein fyrir. Raunar man ég eftir umkvörtun hjá William Morris árið 1871 yfir alltof miklum túrisma við Geysi, sem sé orðinn eins og trúður, sífellt að sprella fyrir áhorfendur. En sem sé: Ósk sagði frá því að í byrjun 20. aldar hafi Sigfús Eymundsson tekið landslags-ljósmyndir og sett á kort til að selja túristum; nokkurs konar lundamyndir þess tíma. Sömu mótíf og eru á þessum kortum rötuðu svo á málverk eftir Þórarin B. Þorláksson og aðra íslenska málara. Íslenska landslags- og sófamálverkið á sér þannig vissar rætur í túristakortum; enda ljósmyndin á undan málverkinu hér á landi; vitna um hugmynd íslenskra manna um það sem útlendingum kynni að þykja fallett.

## Túristaskran þjóðanna

Og kannski voru það útlendingar sem sögðu Íslendingum að hér væri fallett – áður var allsráðandi auga sauðfjárbóndans, og er raunar enn hjá mörgum, sem fyrst og fremst hugsa um stundlega hámarksnýtingu, og telja túrista í tonnum en ekki einstaklingum. Og nú á seinni árum hafa útlendingar kennt okkur að meta lundann, þennan kátlega og fallega fugl, sem Íslendingar hlógu að þar til hann bjargaði efnahag þjóðarinnar.

Það er gaman að skoða túristaskran því að þar kjarnast hugmynd viðkomandi þjóða um sjálfar sig. Það er í kitschinu sem hún birtist okkur tær og óspjölluð af listrænni viðleitni. Kitsch: mig minnir að einhver hafi reynt að þýða þetta þýska alþjóðaorð um ósmekklegan listvarning og óvottaðan af þartilbærum listfræðingum með íslenska orðinu „stíglundur“ – kannski mætti líka kalla þetta „sætullulisti“ – en hvorugt nær alveg sömu áhrifum og hinn þýski blisturshljóðaklasi.

Þetta er sparimynd viðkomandi þjóðar af sér: Við erum fögur og



Til leigu er bjart og fallegt skrifstofuhúsnæði í miðbænum. Allt að 10 vinnustöðvar en hentar einnig smærri fyrirtækjum eða einyrkjum. Aðgangur að sameiginlegum fundarherbergjum og starfsmannaaðstöðu. **Áhugasamir sendi póst á netfangið husnaedi2017@gmail.com með upplýsingum um nafn og símanúmer.**

### Fasteignir



Kristján Baldursson hdl.  
Löggitur fasteignasali  
og leigumíðlari  
S. 867-3040



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir  
Söluþjóri. Viðskiptafr.  
lög, fasteigna-, fyrirtækja-  
og skipasali, leigumíðlari.  
S. 899-5949

### Efstaleiti 14, íbúð 107 – 103 Reykjavík



#### Opíð hús þriðjudaginn 27. júní kl. 17:30 – 18:00

Glæsileg, falleg og mjög rúmgóð 132,6 fm. íbúð með tveimur inngöngum á 1. hæð í lyftuhúsi í glæsilegu fjölbýli. Eignin er með sér afnotarétt af lóð ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu og er í næsta nágrenni við Kringluna.

Glæsileg sameign með sundlaug, heitum pottum, gufubaði, líkamsrækt, veislusal ofl. Húsvörður er í húsinu og sér um rekstur sameignar. Eignin er laus og tilbúin til afhendingar við kaupsamning. Verð: 59,9 millj.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,  
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

www.talentradning.is

talent@talentradning.is  
bryndis@talentradning.is  
Sími: 552-1600

TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# Ísinn loksins brotinn hjá Guðrúnu Brá

Guðrún Brá Björgvinsdóttir hefu verið einn besti kylfingur landsins um árabíl en þar til í gær hafði henni aldrei tekist að vinna annan af tveimur stóru titlunum. Hún varð Íslandsmeistari í holukeppni í gær líkt og Egill Ragnar Gunnarsson sem vann í karlaflokki.

**GOLF** Ný nöfn voru rituð á Íslandsmeistarabikarana í holukeppni í gærkvöldi þegar tveir ungir kylfingar báru sigur úr bítum á Íslandsmótinu sem haldið var í Vestmannaeyjum.

Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, fagnaði sigri í kvennaflokki eftir sigur á Helgu Kristínu Einarsdóttur, GK, og Egill Ragnar Gunnarsson, GKG, lagði Alfred Brynjar Kristinsson í úrslitum í karlaflokki.

Egill var að klára sitt fyrsta ár í háskólagolfinu í Bandaríkjunum og kemur heim með látum en Guðrún Brá var að ljúka háskólanámi og er komin heim eftir þrjú og hálf ár í háskólagolfinu.

## Loksins, loksins.

Þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára gömul hefur Guðrún Brá verið einn besti kylfingur landsins um nokkurra ára skeið. Hún var algjör barnstjarna og hefur oft verið í baráttunni um stóru titlana en aldrei hafði henni tekist að verða Íslandsmeistari í höggleik eða holukeppni fyrr en í gær.

„Það hlaut að koma að þessu,“ sagði Guðrún Brá hress og kát þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær þar sem hún snæddi sigurmáltíð í Vestmannaeyjum.

„Nú er ég loksins búin að opna hlið og þá fara stóru titlarnir vonandi að detta inn,“ bætir hún við.

Guðrún Brá var mjög ánægð með

spilamennsku sína og hún passaði sig á því að hugsa ekki neitt um þau skipti sem hún hefur látið þá stóru renna sér úr greipum.

„Ég var rosalega ákveðin í að það myndi ekki koma upp í hausinn á mér og það tókst. Ég var líka að gera fá mistök og spila stöðugt golf. Þetta var spennandi og góður leikur en ég hélt alltaf að minnsta kosti einnar holu forskoti og náði að vinna sem var æðislegt,“ sagði hún en er þá ekki stefnan á að taka höggleikinn líka? „Jú, fyrst ég er byrjuð er ekkert annað í stöðunni.“

Guðrún Brá er komin heim úr háskólanámi en ætlar sér í Q-School í haust. Hún ber háskólaverunni góða sögu.

„Þetta er búin að vera alveg geðveik reynsla. Maður finnur alveg hvernig maður verður betri í öllu og hvað þetta hjálpar manni mikið. Það er svo mikill munur að geta spilað við bestu aðstæður allt árið um kring,“ sagði Guðrún Brá Björgvinsdóttir.

## Tveir titlar á einni viku

Hinn tvítugi Egill Ragnar hefur átt góða tíma á golfvælinum síðustu daga því viku áður en hann fagnaði sigri í holukeppni fullorðinna vann hann holukeppni pílta 19-21 árs. Tveir Íslandsmeistaratitlar á sjö dögum.

„Það er ekki slæmt,“ sagði Egill eftir sigurinn í gær en hann kvaðst ekkert stressaður þrátt fyrir að vera



Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Egill Ragnar Gunnarsson með bikarana í gær. MYND/GOLFSAMBAND ÍSLANDS

í forystunni gegn Alfred Brynjari sem er, fyrir þá sem ekki vita, bróðir Ólafíu Þórunnar.

„Það var ekkert stress eða svoléiðis í gangi. Ég tók bara eitt högg fyrir í einu og reyndi að halda rönni. Ég er að spila mjög gott golf núna.

Það er allt að smella og þetta lítur bara vel út hjá mér.“

Egill Ragnar er eins og Guðrún Brá nýkominn heim úr háskóla en hann var að klára fyrsta árið sitt hjá Georgia State.

„Veran úti hefur hjálpað mér

mikið. Maður áttar sig betur á öllu sem er í gangi og svona og hvernig á að skipuleggja leikinn sinn. Þetta hjálpar allt saman,“ sagði Egill Ragnar Gunnarsson sem ætlar að spila Íslandsmótið í höggleik en hann fer svo aftur út í ágúst. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

# PALLA-LEIKUR BYKO

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 14. júlí.

## Vertu með!

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUDSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á [www.byko.is/pallaleikur](http://www.byko.is/pallaleikur)
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA

## FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA



## BOSCH

TILBOÐ TIL 28.JÚNÍ



TILBOÐSVERÐ

BÚTSÖG PCM 8 1200W.

**22.395 kr.**

74862008

Almennt verð: 27.995kr.

ÞÚ SPARAR  
5.600kr.



TILBOÐSVERÐ

RAFHLÖÐUBORVÉL/  
HERSLUVÉL 10,8V,  
2x2,0Ah. TL-BOX taska fylgir.

**24.995 kr.**

74874066

Almennt verð: 39.995kr.



ÞÚ SPARAR  
15.000kr.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS  
SENDUM ÚT UM ALLT LAND



# BYKO

1962-2017

55 ára

# TÍMAMÓT



26. JÚNÍ 1968

## Guðni Jóhannesson fæddist

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fæddist í Reykjavík 26. júní árið 1968 og er því 49 ára í dag. Hann er sonur hjónanna Margrétar Thorlacius, kennara og blaðamanns, og Jóhannesar Sæmundssonar, íþróttakennara og landsliðsþjálfara, sem lést árið 1983. Guðni ólst upp í Garðabæ og á tvo bræður, Patrek, íþróttafæðing og handboltaþjálfari, og Jóhannes kerfisfræðing.

Á vef embættis forseta Íslands kemur fram að Guðni útskrifaðist árið 1987 með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hann stundaði nám í sögu og stjórnmálafræði við Warwick-háskóla á Englandi og útskrifaðist þaðan með BA-gráðu árið 1991. Eftir það lærði hann þýsku við háskólann í Bonn í Þýskalandi. Hann nam rússnesku á árunum 1993-1994 við Háskóla Íslands. Guðni útskrifaðist með meistaraáráðu í sagnfræði frá HÍ árið 1997. Hann nam sagnfræði á árunum 1998-1999 við Oxfordháskóla á Englandi og útskrifaðist þaðan árið 1999 með MSt-gráðu í sögu. Árið 2003 lauk hann doktorsprófi í sagnfræði frá Queen Mary, University of London.

Um starfsferil Guðna segir á vef forsetaembættisins að árin 2013-2016 var Guðni kennari í sagnfræði við Háskóla Íslands, lektor, dósent og síðast prófessor. Áður var hann lektor við Háskólann í Reykjavík og stundakennari við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst og University of London. Jafnframt vann hann um árabíl við afleysingar á fréttastofu Ríkisútvarpsins.



Sólveig Hrönn er nýútskrifuð af formáladeild í Menntaskólanum í Reykjavík og stefnir á nám í fornfræði í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Saumar veggteppi byggt á Riddarateppinu

Nítján ára stelpa vill efla vitund um gildi handverks og þá vinnu sem liggur að baki. Hún saumar veggteppi byggt á Riddarateppi Þjóðminjasafnsins í Skapandi sumarstörfum. Útsaumsverk hafa varðveist illa og oft veit enginn hver höfundur þeirra er.

Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir er 19 ára gömul og fæst nú við öðruvísi sumarstarf en flestir. Á vegum Skapandi sumarstarfa í Garðabæ er hún að sauma veggteppi byggt á hinu fræga Riddarateppi sem er til sýnis í Þjóðminjasafninu.

„Ég var að vinna í Skapandi sumarstörfum í fyrra og mér fannst það mjög skemmtilegt þannig að ég ákvað að sækja um aftur í ár en með öðruvísi verkefni. Mér hefur alltaf fundist mjög gaman að gera eitthvað í höndunum. Í fyrra fór ég að þæla í útsaumi og viðhorfi til útsaums. Svo sótti ég um með það í huga að gera útsaumsverk og mér fannst spennandi hugmynd að ætla bara að gera eitt verk yfir sumarið,“ segir Sólveig.

„Það hljómar eins og lítið þegar maður segist ætla að gera eitt verk en þegar maður sér það skilur maður af hverju var bara hægt að gera eitt verk.“

Sólveig hefur verið að rannsaka sögu handverks íslenskra kvenna og lýtur verk hennar meðal annars að nafnleysi saumakvenna fyrri alda og tímanum að baki útsaumsverkum.

Sólveig veit ekki enn þá hversu stórt verk hennar verður. „Riddarateppið sjálft er held ég 130 x 160 cm. Ég ætla að byrja á að gera myndirnar sex sem eru í miðjunni og í kringum þær eru drekar sem mig langar að gera líka. Þannig að í rauninni er erfitt að segja til um hversu stórt þetta verður.“

Útsaumsverk hafa varðveist illa og eru

að jafnaði höfundarlaus. Það einskorðast ekki við Ísland en saumur, vefnaður og aðrar hannyrðir þóttu einungis kvenlegar greinar og voru flokkaðar sem nytjalist en ekki alvöru listgreinar. Með verkefninu langar Sólveigu að sýna hversu mörg spor felast í einu dagsverki og efla vitund um gildi handverks og þá vinnu sem liggur að baki.

Skapandi sumarstörf vara í átta vikur. Sólveig segir verkefnið fara vel af stað hjá sér og mun hún sýna það í lok júlí.

Sólveig er nýútskrifuð af formáladeild í Menntaskólanum í Reykjavík. Hún hyggur á að hefja háskólanám í fornfræði í vetur. „Það mætti kannski segja að ég sé áhugasöm um gamla tíma,“ segir hún. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi.

**sr. Gísli H. Kolbeins**

Strikinu 10, Garðabæ,

sem andaðist á Vífilsstöðum laugardaginn 10. júní verður jarðsönginn frá Háteigskirkju í dag, mánudag 26. júní, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

**Sigríður B. Kolbeins**

**Bjarnþór G. Kolbeins**

**Anna Lára Kolbeins**

**Ragnheiður G. Kolbeins**

**Halldór Kolbeins**

**Eyþór Ingi G. Kolbeins**

barnabörn og langafabörn.

**Halldór Bergmann**

**Haraldur Stefánsson**

**Dagný Marinósdóttir**



Elskulegur eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Þórir Þórðarson**

leigubilstjóri,

Kópavogstúni 5,

áður til heimilis að Safamýri 83,

lést á Landspítalanum Fossvogi 11. júní.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju

miðvökudaginn 28. júní kl. 15.00.

**Ingibjörg Einarsdóttir**

**Þórður Þórisson**

**Einar Þórisson**

**Ummur Jónsdóttir**

**Ólafía Sigurjónsdóttir**

og barnabörn.

## Merkisatburðir

**1823** - Kötlugos hófst með stórhlaupi úr Mýrdalsjökli

**1921** - Kristján X, konungur Íslands og Danmerkur, kom í heimsókn til Íslands.

**1928** - Boranir hófust eftir heitu vatni í Laugardal í Reykjavík.

**1930** - Alþingishátiðin var sett á Þingvöllum. Þangað komu um 30.000 manns.



**1944** - Svavar Gestsson, fyrrverandi ráðherra, fæddist.

**1960** - Madagaskar fékk sjálfstæði frá Frakklandi.

**1979** - Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hóf starfsemi sína.

**2004** - Ólafur Ragnar Grímsson var endurkjörinn forseti Íslands.

**2015** - Pétur Blöndal þingmaður lést.

Gleðilegt sumar :)

JÚNÍ | 2017



# HÖFUM HEIL ÖKUTÆKI Í UMFERÐ!

Skylduskoðun ökutækja eru framkvæmdar á 32 stöðum um land allt hjá Frumherja, sjá staðsetningar á frumherji.is



## VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

PANN 31. MARS 2017 **LOKAÐI** SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.



 **Frumherji**  
www.frumherji.is


Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

**20** ÁRA  
STOFNAD 1997

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Vestlæg eða breytileg átt, 3-8. Skýjað að mestu og stöku skúrir, einkum sunnan- og vestanlands síðdegis. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast austantil.



## Þriðjudagur

Reykjavík 9° →6	Ísafjörður 8° ↗9	Akureyri 11° ↗6
Egilsstaðir 11° ↑3	Kirkjubæjarkl. 12° ↘5	Hveravellir 5° ↗6

## Miðvikudagur

Reykjavík 10° →3	Ísafjörður 9° ↗10	Akureyri 12° →4
Egilsstaðir 11° ↓2	Kirkjubæjarkl. 13° →1	Hveravellir 8° ↗3

### LÉTT

		9		3	7
2	4	7			6
7		4			1
	6		7	2	
9	7		2		6
3	8	1	6		
			5	4	2
3	6	1		4	5
	5		3		

### MIDLUNGS

	1	4		8					
					2	4			
								5	9
3	8		7	5		2			
			9		1	5		8	
6				2					
	3		6					4	
7	2		1		9				
5									1

### PUNG

1	9				8	5
		6				4
5	7					1
				4	6	
			9			1
3				5		
	2					
8				7	2	
1						
9	3					

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- þvogl
  - í röð
  - næra
  - tækifæri
  - hróp
  - geil
  - iðja
  - pot
  - sunna
  - fát
  - á fæti
  - traðkaði
- LÓÐRÉTT**
- loga
  - samtök
  - burnirót
  - gums
  - kökugerð
  - op
  - flan
  - svikull
  - margsinnis
  - eldsneyti

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## Skák Gunnar Björnsson

Boros átti leik gegn Szabo í Búdapest árið 1937  
**Hvítur á leik**  
 1. Hxh7+! Kxh7 2. Hxf7+! Hxf7  
 3. Dxc6+ Kh8 4. Dxf7 Rg5 5. e6+ 1-0. Heimsmeistarinn Magnus Carlsen sigraði á at- og hraðskákmótinu í París sem lauk í gær. Það þurfti til bráðabana gegn Maxime Vachier-Lagrave.




www.skak.is: Allt um París.

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan

Uppvakninga vika  
**6** ástæður  
 fyrir því að  
**uppvakningar**  
 yrðu geggjaðir  
**foreldrar**



## Barnalán



## Apótek

Garðabæjar

### Gríptu lyfin á leiðinni heim

### Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



# ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR 30. JÚNÍ.  
15-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM\*

**20% afsl.**  
af PRIMA möppuhillum  
og skápum

**20% afsl.**  
af sérpöntuðum sófum  
og gestastólum

Sérstaklega gerðir fyrir fyrirtæki,  
stofnanir og hótél

**30% afsl.**  
af heilsukollum

**15% kynningarafsl.**  
af öllum nýjum vörum

**40-60% afsl.**  
af völdum vörum

\*Á ekki við um PRIMA rafmagnsborð

# Hirzlan

 Þið finnið  
okkur  
á Facebook

GÆÐI · STÖÐULEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,  
108 Reykjavík  
Sími: 564-5040  
hirzlan@hirzlan.is  
hirzlan.is

**30-60% afsl. af öllum stólum**



ALUMEDIC 5  
197.800 kr.  
**118.600 kr.**

LADY SITNESS  
129.000 kr.  
**64.950 kr.**

TOP PRO  
32.900 kr.  
**12.900 kr.**

XPANDER  
107.500 kr.  
**69.500 kr.**

**LAUGARÁS BÍÓ** **5%** **mid.is**

**TRANSFORMERS THE LAST KNIGHT**  
Frá leikstjóranum Michael Bay  
Mark Wahlberg Anthony Hopkins  
Barráttu tveggja heima – Aðeins annar líffir  
SYND KL. 6, 9

**BABY DRIVER**  
FORSÝND I DAG  
EDGAR WRIGHT  
FORSÝNING KL. 8

**MUMMY**  
SYND KL. 8, 10, 25

**HOW TO BE A LATIN LOVER**  
SYND KL. 5, 30

**ÉG MAN ÞIG**  
SYND KL. 10, 20

**Heiða**  
ÍSL. TAL  
SYND KL. 5, 30

**SAMBÍÓLIN Sambio.is**

**KAPTU BÍÓMIÐANN I SAMBÍÓ APPINU**

**TRANSFORMERS THE LAST KNIGHT**  
Frá leikstjóranum Michael Bay  
Mark Wahlberg Anthony Hopkins  
Barráttu tveggja heima – Aðeins annar líffir  
SYND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**WONDER WOMAN**  
93%  
FRESH

**BAYWATCH**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN SALAZAR'S REVENGE**

**MUMMY**

SAMBÍÓLIN ALFABAKKA	SAMBÍÓLIN EGILSHÖLL	SAMBÍÓLIN KRINGLUNNI	NÚMERUÐ SÆTI
TRANSFORMERS 2D KL. 6-8-9-11	TRANSFORMERS 3D KL. 10:40	TRANSFORMERS 3D KL. 5-8-11	
TRANSFORMERS 2D VIP KL. 5-8-11	TRANSFORMERS 2D KL. 5-7:40	TRANSFORMERS 2D KL. 10:20	
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 3-3:20-5:40-8	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5:40	
BÍLAR 3 ÍSL TAL 3D KL. 3:40	THE MUMMY KL. 10:30	CARS 3 ENSKT TAL 2D KL. 8	
WONDER WOMAN 2D KL. 5-8-11	WONDER WOMAN 2D KL. 5-7:50-10:40	WONDER WOMAN 2D KL. 10:10	
BAYWATCH KL. 3-5:30-8-10:30	BAYWATCH KL. 5:20-8-10:30	BAYWATCH KL. 5	
PIRATES 2D KL. 5:15	PIRATES 2D KL. 7:50	PIRATES 2D KL. 7:30	
SPARK ÍSL TAL KL. 3	<b>AKUREYRI</b>	<b>KEFLAVÍK</b>	
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 10:20	TRANSFORMERS 3D KL. 5-8-11	TRANSFORMERS 3D KL. 7:30-10:30	
<b>KAPTU BÍÓMIÐANN I SAMBÍÓ APPINU</b>	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5:40	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 6	
	WONDER WOMAN 2D KL. 10:15	WONDER WOMAN 2D KL. 10:30	
	BAYWATCH KL. 8	BAYWATCH KL. 8:10	

**Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur**

hvar@frettabladid.is

**26. JÚNÍ 2017**

**Tónlist**

**Hvað?** Tónleikar með Engelbert Humperdinck  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Harpa  
 Engelbert Humperdinck, sem sló svo eftirminnilega í gegn með lögnum Release me, The last waltz og fleirum, er á leið til landsins og mun skemmta landanum í Eldborgarsal.  
 Ferill Engelberts Humperdinck spannar rétt tæp 50 ár og hefur hann selt 140 milljón hljómplötur, fengið 64 gullplötur og 35 platinum plötur, fjórar Grammy tilnefningar, tilnefningu til Golden Globe verðlaunanna svo eitthvað sé nefnt.

**Námskeið:**

**Hvað?** Minecraft – Videógerð (10-14 ára)  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík  
 Á námskeiðinu fá nemendur tækifæri til að kynna því hvernig hægt er að skapa Minecraft myndbönd og deila áhugamálum sínum með vinum og öðrum á veraldarvefnum gegnum Youtube. Eftir námskeið eiga þátttakendur að vera með góðan grunn til að klippa einföld myndbönd auk þess að vita af möguleikum sem myndvinnsluforrit bjóða upp á til að gera flottari myndbönd með meðal annars litaleiðréttingu, titlum og tæknibrellum. Kennt frá mánudegi til föstudags, frá 13.00 til 16.00. Verð er 29.900.

**Hvað?** Leik- og dansnámskeið  
**Hvenær?** 13.00



Engelbert Humperdinck mun koma fram í Eldborgarsal í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY



Þeir sem vilja prófa Pole Fitness geta skellt sér í prufutíma hjá Pole Sport Heilsurækt í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvar?** Klifið, Garðatorg 7  
 Sumarnámskeið fyrir 10-13 ára krakka verður haldið í Ásgarði í Garðabæ dagana 26.-30. júní. Tímarnir eru eftir hádegi frá kl. 13-16. Á námskeiðinu læra krakkarnir einn dans ásamt fullt af skemmtilegum leiklistaræfingum. Verð er 9.900 krónur og kennarinn er Júlí Heiðar Halldórsson.

**Hvað?** Einu sinni var  
**Hvenær?** 13.00

**Hvar?** Bókasafn Kópavogs  
 Námskeið í skapandi skrifum fyrir krakka á aldrinum 9 til 12 ára. Haldið vikuna 26. til 30. júní klukkan 13.00-15.00. Á námskeiðinu fá krakkarnir að lesa sögu, tala um sögu, og síðast en ekki síst að skrifa sína eigin sögu. Það verða rannsakadar hinar mismunandi tegundir bóka og forvitnast um það hvernig ímyndunaraflíð virkar og hvernig við fáum hugmyndir. Námskeiðið hentar öllum þeim sem finnst gaman að lesa og skrifa sögur.  
 Kennari er Eva Rún Þorgeirsdóttir rithöfundur, takmarkaður fjöldi pláss er í boði og því þarf að skrá sig á námskeiðið á lindsayfn@

kopavogur.is  
 Námskeiðsgjald er 4.000 krónur.

**Uppákomur:**

**Hvað?** Pálinuboðs hittingur fyrir Pólar  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Eggertsgata 2  
 Pálinuboð fyrir alla sem vilja taka þátt í Pólar þar sem hægt er að kasta fram hugmyndum. Pólar er listahátíð með áherslu á hagnýtar listir og „skill share“ á Stöðvarfirði.

**Hvað?** Prufutímar fyrir byrjendur  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Pole Sport Heilsurækt, Stangarhylur 7

Áhugasömum er boðið að koma og prófa Pole Fitness. Hver prufutími er klukkustund og byrja þeir á eftirfarandi tímum: 17.00, 18.00, 19.00 og 20.00. Tíminn byrjar á upphitun, svo verða nokkrar byrjendastöður kenndar og svo verður endað á teygjum. Ekki þarf að vera í sérstöku formi til að byrja, allir geta verið með. Tíminn kostar 1.000 krónur og skráning fer fram í síma 778-4545.

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Sing Street	18:00, 20:00
Everybody Wants Some!!	17:45
Hjartasteinn	17:30
Knight Of Cups	20:00
Ég Man Þig	20:00
Lion	22:00
Hidden Figures	22:30
Hrútar	22:15

**KNIGHT OF CUPS**

**Of**

**CUPS**

1011

# PRENNUTILBOÐ

LAY'S SNAKKPOKI AÐ EIGIN VALI,  
1L PEPSI EÐA PEPSI MAX  
OG KIT KAT 4X41,5 G

AÐEINS  
**KR. 799**



Fljótlegt og þægilegt

## DAGSKRÁ

## Mánudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
 07.25 Kalli kanína og félagar  
 07.50 The Middle  
 08.10 2 Broke Girls  
 08.35 Ellen  
 09.15 Bold and the Beautiful  
 09.40 Doctors  
 10.20 Who Do You Think You Are  
 11.05 Drop Dead Diva  
 11.45 Sullivan & Son  
 12.10 Margra barna mæður  
 12.35 Nágrannar  
 13.00 X-factor UK  
 14.00 X-factor UK  
 14.50 X-factor UK  
 15.45 X-factor UK  
 16.30 The Simpsons  
 16.55 Bold and the Beautiful  
 17.20 Nágrannar  
 17.45 Ellen  
 18.30 Fréttir Stöðvar 2  
 18.45 Íþróttir  
 19.05 Island í sumar  
 19.25 Feðgar á ferð Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki. Í þessum þætti heimsækja feðgarnir Hanasetur Íslands í Fljótshlíðinni og svo hitta þeir leikskólabörn í bland við eldri borgara í Reykjanesbæ.

20.35 Roadies Frábærir þættir fullir af drama, gríni og góðri tónlist úr smíðju Camerons Crow. Þættirnir fjalla um líf nokkurra rötara sem vinna fyrir vinsælu hljómsveitina Station-House Band. Þættirnir hafa vakið athygli fyrir skemmtilega innsýn inn í lífið á bak við tjöldin í tónlistarbransanum. Þótt líf rötara sé ekki sveipað eins miklum dýrðarljóma og líf hljómsveitar meðlimanna er það ekki síður viðburðaríkt. Sama hvað bjátar á í einkalífinu má ekkert koma í veg fyrir að sýningin haldi áfram og áhorfendur verða ekki sviknir af óaðfinnanlegri upplifun. Framleiðendur gengu svo langt í markaðssetningu þáttanna að áhorfendur ytra héldu að hljómsveitin væri raunveruleg.

21.30 The Sandhamn Murders Sænsk spennuþáttaröð í þremur hlutum sem byggð er á hinum vinsælu bókum ritöfundarins Vivecu Sten. Þættirnir fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Thomas Andreasson og lögræðinginn Noru Lindes.

## STÖÐ 2 SPORT

07.25 Fjölnir - Valur  
 09.05 ÍBV - FH  
 10.45 KA - KR  
 12.25 Formúla 1 - Keppni  
 14.45 Fylkir - Selfoss  
 16.25 ÍBV - FH  
 18.05 Fjölnir - Valur  
 19.45 Breiðablik - Grindavík  
 22.00 Pepsímörkin  
 23.25 Síðustu 20  
 23.45 Breiðablik - Grindavík

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



## FEDGAR Á FERÐ

Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki. Í þessum þætti heimsækja feðgarnir Hanasetur Íslands í Fljótshlíðinni og svo hitta þeir leikskólabörn í bland við eldri borgara í Reykjanesbæ.

MAGNAÐ  
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

Ný þáttaröð



## THE SANDHAMN MURDERS

Sænsk spennuþáttasería í þremur hlutum sem byggð er á vinsælum bókum ritöfundarins Vivecu Sten. Þættirnir fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Thomas Andreasson og lögræðinginn Noru Lindes sem í sameiningu leysa flókin sakamál sem upp koma á Sandhamn eyju.



## PROPERTY BROTHERS AT HOME

Lokaþáttur með bræðrunum Jonathan og Drew Scott þar sem fasteignir eru teknar í gegn að innan sem utan.

Lokaþáttur



## ROADIES

Líf rötara í hljómsveitarbransanum getur verið ansi skrautlegt og skemmtilegt. Hressilegir þættir sem hafa vakið athygli fyrir skemmtilega innsýn í lífið á bak við tjöldin í tónlistarbransanum.



## THE PATH

Lokaþáttur um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.

Lokaþáttur




## STÖÐ 3

17.30 Raising Hope  
 17.55 The New Girl  
 18.15 Community  
 18.40 Modern Family  
 19.05 Ástriður  
 19.35 Stelpurnar  
 20.00 Who Do You Think You Are? UK  
 21.05 Pretty Little Liars  
 21.50 Legit  
 22.15 Game Of Thrones  
 23.05 The Brink  
 23.30 Sleepy Hollow  
 00.15 Ástriður  
 00.45 Stelpurnar  
 01.05 Who Do You Think You Are? UK  
 02.10 Pretty Little Liars  
 02.50 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Lína Langsokkur  
 07.25 Hvellur keppnisbill  
 07.37 Ævintýraferðin  
 07.49 Gulla og grænjaxlarnir  
 08.00 Víkingurinn Viggó  
 08.11 Zigby  
 08.25 Stóri og Litli  
 08.38 Skógardýrið Húgó  
 09.00 Dóra könnuður  
 09.24 Mörgæsinar  
 09.47 Daddi litli og Eyrnastór  
 10.00 Áfram Diego, áfram!  
 10.24 Svampur Sveinsson  
 10.49 Lalli  
 10.55 Rasmus Klumpur  
 11.00 Lína Langsokkur  
 11.25 Hvellur keppnisbill  
 11.37 Ævintýraferðin  
 11.49 Gulla og grænjaxlarnir  
 12.00 Víkingurinn Viggó  
 12.11 Zigby  
 12.25 Stóri og Litli  
 12.38 Skógardýrið Húgó  
 13.00 Dóra könnuður  
 13.24 Mörgæsinar  
 13.47 Daddi litli og Eyrnastór  
 14.00 Áfram Diego, áfram!  
 14.24 Svampur Sveinsson  
 14.49 Lalli  
 14.55 Rasmus Klumpur  
 15.00 Lína Langsokkur  
 15.25 Hvellur keppnisbill  
 15.37 Ævintýraferðin  
 15.49 Gulla og grænjaxlarnir  
 16.00 Víkingurinn Viggó  
 16.11 Zigby  
 16.25 Stóri og Litli  
 16.38 Skógardýrið Húgó  
 17.00 Dóra könnuður  
 17.24 Mörgæsinar  
 17.47 Daddi litli og Eyrnastór  
 18.00 Áfram Diego, áfram!  
 18.24 Svampur Sveinsson  
 18.49 Lalli  
 18.55 Rasmus Klumpur  
 19.00 Baddi í borginni



Mörgæsinar  
 kl. 09.24,  
 13.24 og  
 17.24

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Travelers Championship  
 13.00 PGA Tour  
 15.00 Travelers Championship  
 20.00 PGA Highlights  
 20.55 PGA Tour  
 22.55 PGA Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

10.30 Steve Jobs  
 12.30 Rudderless  
 14.15 The Pursuit of Happyness  
 16.10 Steve Jobs  
 18.15 Rudderless  
 20.00 The Pursuit of Happyness  
 Dramatísk og sannsöguleg kvikmynd frá 2006 um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf. Hann starfar sem sölumaður en hefur átt erfitt uppráttar og sér fram á ansi erfiða tíma ef stóra tækifærið kemur ekki fyrir en síðar. Þess má geta að Will Smith var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í myndinni.  
 22.00 The Mummy Ævintýra-mynd sem gerist á fyrri hluta 20. aldar. Harðjallinn Rick O'Connell er kominn til hinnar fornu borgar Hamunaptra í Egyptalandi. Hlutverk hans er að aðstoða fornleifafræðinga sem eru að kynna sér sögulegt grafhýsi. Þar er m.a. að finna háttsettan klerk sem var lokaður inni lífandi fyrir mörgum öldum í kjölfar ástríðuglæps. Svo illa vill til að múmían vaknar til lífsins þegar Rick og félagar eru að sinna sínum störfum og í kjölfari verður fjandinn laus.  
 00.05 Fury  
 02.20 Red 2  
 04.15 The Mummy

## RÚV

17.20 Golfið  
 17.50 Tákn málsfréttir  
 18.00 KrakkaRÚV  
 18.01 Háværa ljónið Urri  
 18.12 Hundalíf  
 18.14 Róbert bangsi  
 18.24 Skógargengið  
 18.35 Undraveröld Gúnda  
 18.50 Visindahorn Ævars  
 19.00 Fréttir  
 19.25 Íþróttir  
 19.30 Veður  
 19.35 Ást í dýrarikinu  
 20.30 Eldhugar íþróttanna  
 21.00 Spilaborg  
 22.00 Tíufréttir  
 22.15 Veðurféttir  
 22.20 Muscle Shoals-hljóðverið  
 00.10 Vitni  
 01.05 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify  
 08.00 Everybody Loves Raymond  
 08.25 Dr. Phil  
 09.05 90210  
 09.50 Jane the Virgin  
 10.35 Síminn + Spotify  
 13.10 Dr. Phil  
 13.50 Top Gear. The Races  
 14.40 Psych  
 15.25 Black-ish  
 15.50 Royal Pains  
 16.35 King of Queens  
 17.00 The Good Place  
 17.25 How I Met Your Mother  
 17.50 Dr. Phil  
 18.30 The Tonight Show  
 19.10 The Late Late Show  
 19.50 Superstore  
 20.15 Million Dollar Listing  
 21.00 APB  
 21.45 Shades of Blue  
 22.30 Nurse Jackie  
 23.00 The Tonight Show  
 23.40 The Late Late Show

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



365 APPID  
FYLGIR MEÐ Á  
0 KR.

AÐEINS  
**333 KR.**  
Á DAG.  
Bættu ENDALAUSU INTERNETI við  
SKEMMTIPAKKANN fyrir aðeins  
**1.000 KR.**

# SKEMMTILEGRA SJÓNVARP OG ENDALAUST NET

Þú færð Endalaust Internet á aðeins 1.000 kr. með Skeemti-  
pakkanum. Vafraðu áhyggjulaus á netinu. Enginn aukakostnaður við  
gagnamagnspakka eða umfram niðurhal bætist við.

Skemmtipakkinn inniheldur fimm fjölbreyttar stöðvar með margverð-  
launuðum þáttum og kvikmyndum auk íslensks sjónvarpsefnis fyrir  
alla fjölskylduna.



MARGFALT SKEMMTILEGRI



DORMA

Láttu drauminn rættast

Sumar  
útsalan

ALLT AÐ  
**60%**  
AFSLÁTTUR

**NATURE'S SUPREME**  
heilsurúm m/Cassic botni



- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m<sup>2</sup>
- Vandaðar kantstyrkingar

ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

af 160 x 200 og  
180 x 200 cm



Nature's SUPREME  
160 x 200 cm

Fullt verð: 134.900 kr.

Aðeins **94.430 kr.**

Nature's SUPREME  
180 x 200 cm

Fullt verð: 149.900 kr.

Val um svart eða hvítt PU leður  
eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **104.930 kr.**

**SILKEBORG**  
hægindastóll  
með skemli

ÚTSALA  
**40%**  
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll  
með skemli. Dökkbrúnt  
eða svart leður.

Fullt verð: 99.900 kr.



Aðeins **59.940 kr.**

ÚTSALA  
**40%**  
AFSLÁTTUR

**CLASSIC**  
3ja sæta sófi

Priggja sæta sófi. Litir: Turkís, dökk- og ljósgrár, brúnn, rauður eða svartur.  
Stærð: 200 x 90 x 100 cm

Fullt verð: 119.900



Aðeins **71.940 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)  
www.dorma.is

Holtgördum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn rættast

# Fetar í fótspor Grace Kelly og Danny Devito

**Auður Finnbogadóttir** hlaut heiðursverðlaun þegar hún útskrifaðist úr leiklistaskóla í LA. Verðlaunin eru þau sömu sem Grace Kelly, Danny Devito og fleiri hafa hlotið. Auður er afar ánægð með árangurinn enda þurfti hún að hafa mikið fyrir að komast í leiklistarnám.

**L**eikkonan Auður Finnbogadóttir útskrifast nýverið úr einum virtasta leiklistarskóla í Bandaríkjunna, The American Academy of Dramatic Arts. Auður fór í gegnum námið með glans og hlaut meira að segja heiðursverðlaun útskriftar-nema sem besta leikkonan en virtir leikarar á borð við Danny Devito, Robert Redford, Spencer Tracy, Grace Kelly, Lauren Bacall og Kirk Douglas hlutu sams konar verðlaun á sínum tíma þegar þau útskrifuðust.

Auður er himinlifandi með viðurkenninguna sem hún fékk þegar henni voru veitt heiðursverðlaunin í útskriftinni. „Þetta hefur mjög mikla þýðingu fyrir mig. Það eru svo ótrúlega margir flottir leikarar í árganginum,“ segir Auður sem fékk verðlaunin afhent í Dolby Theatre í Hollywood, þar sem Óskarsverðlaunahátíðin er haldin. „Ég var búin að vera ótrúlega spennit að fara þangað inn. Að hugsa sér allt fólkið sem hefur verið þarna og allt sem hefur átt sér stað. Það var frábær orka í húsinu og allir voru svo spennir og gladdir.“

**Fékk oft „nei“ áður en hún fékk „já“**  
Auður er í himinlifandi en leiðin að leiklistarferlinum hefur ekki alltaf verið dans á rósum. „Eftir að hafa fengið endurtekin „nei“ frá öllum skólunum sem ég sótti um í fékk ég loksins þrjú „já“ í röð, svo ég endaði með að geta valið mér skóla. Það voru margar ástæður fyrir því ég valdi AADA. Fyrir utan það að allt sem kemur frá skólunum er rosalega flott og fagmannlegt og margir frægir leikarar hafa útskrifast úr skólunum, var aðalástæðan samt sú að starfsmenn skólans létu mér líða rosalega vel. Svo fannst mér ekki verra að meðalhitinn yfir árið í Los Angeles er 18°C,“ segir Auður sem flutti út í ágúst árið 2015.

Auður segir að lífið sem hún lifir úti sé frekar ólíkt því sem var á Íslandi og góða veðrið spilar þar stóran part. „Það besta er að það er sól og blíða á hverjum morgni sem gerir góða hluti fyrir geðheilsuna. Mér finnst ég stundum vera í endalausum sumarfríi. En svo ef mig langar í snjó þá get ég keyrt í tvær klukkustundir upp í fjöllin. Svo er ekki verra að hér er allt töluvert ódýrara og fullt af vegan veitingastöðum. Ég virði það að menningin er ódrúvisi hérna en ég sakna framsækninnar í réttlætismálum heima á Íslandi. Hér hef ég lent í óteljandi rökræðum um jafnrétti, meira að segja við kennara mína. Ég sakna svo auðvitað fjölskyldu og vina heima en ég á líka stóra leiklistarfjölskyldu hérna. Tæknin er líka orðin svo frábær að ég get alltaf hringt í mömmu ef mig vantar ráð,“ segir Auður sem kveðst



Auður með viðurkenninguna á útskriftarhátíðinni seint í maí.

**NOKKRIR FARSÆLIR  
LEIKARAR SEM HAFU  
STUNDAÐ NÁM VIÐ THE  
ACADEMY OF DRAMATIC  
ARTS:**

- Jessica Chastein
- Paul Rudd
- Anne Hathaway
- Micheal Pitt
- Kim Cattrall
- Lauren Bacall
- Adrien Brody
- Hank Azaria



í dag kunna vel að meta að hafa alist að mestu upp á Íslandi.

Spurð út í hvað taki við eftir útskrift segist Auður vera á fullu við að útbúa ferilskrá, gera kynn-

**ÉG SAKNA SVO  
AUÐVITAÐ FJÖL-  
SKYLDU OG VINA HEIMA EN ÉG Á  
LÍKA STÓRA LEIKLISTARFJÖL-  
SKYLDU HÉRNA.**

ingarmyndbönd, búa til heimasíðu og skrá sig á leikaravefsíður. „Og svo taka við prufur, prufur og prufur. Annars er ég líka að bíða eftir nokkrum stuttmyndum sem ég lék í, sem svo vonandi komast inn á góðar kvikmyndahátíðir,“ segir Auður glöð í bragði.

„Ég vil helst vera þar sem flest tækifæri bjóðast. Eins og er þá er það hér í LA, en ef gott tækifæri býst frá Íslandi myndi ég ekki hika við að taka því. Svo lengi sem ég er vinnandi leikkona þá finnst mér ekki erfitt að rífa upp ræturnar ef það þarf,“ útskýrir Auður sem er greinilega opin fyrir öllu.  
gudnyhronn@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinnsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sígfríður Órn Einarsson sigfus@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TÓNLEIKUR KYNNIR

# HERBIE HANCOCK

HLJÓMLEIKAR

ELDBORG 20. JÚLÍ

VINNIE COLAIUTA

JAMES GENUS

LIONEL LOUEKE

TERRACE MARTIN

MIÐASALA Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 5050

HERBIEHANCOCK.COM



@HERBIEHANCOCK



@HERBIEHANCOCKOFFICIAL

*a Marshall Arts Ltd. presentation* IN ASSOCIATION WITH HANCOCK MUSIC MANAGEMENT AND RED LIGHT MANAGEMENT



## Bakþankar

Helgu Völu  
Helgadóttur



## Vopn eða ekki vopn

Mikil umræða hefur, eðlilega, skapast í samfélaginu vegna nýtilkomins vopna-  
burðar lögreglunnar á Íslandi.

Í mínu starfi þarf ég íðulega að eiga í samskiptum við laganna verði. Þessir starfsmenn okkar eru að langmestum meirihluta virkilega að leggja sig fram. Hugsjónir gera það að verkum að þau endast í þessu starfi allan þennan tíma því vinnuáðstæður eru fyrir neðan allar hellur. Langtimaveikindi eru vel þekkt í þessari stétt. Álagið er svo ofboðslegt að mann langar helst til að setjast niður með þeim, faðma og segja afsakið. Afsakið hvað við borgum ykkar ómurlega lág laun. Afsakið hvað við látum ykkur vinna mikið. Afsakið að við fjölgum ekki löggum til að minnka álagið. Afsakið hvað stjórnvöld meta starf ykkar lítils.

Þegar á reynir þurfum við á okkar færustu löggum að halda. Þar dugir ekki bara að vopna mannskapinn heldur þurfum við að vera viss um að hinn vopnum búni laganna vörður hafi fengið fullnægjandi nætursvefn dagana á undan. Það er því miður ekki raunin því samkvæmt mínum upplýsingum er það vel þekkt að lögga vinni 100 yfirvinnutíma í hverjum mánuði. Það þýðir að löggan sem þú hittir hefur unnið 25 klukkustundir aukalega í vikunni. Það gera til dæmis fimm klukkustundir aukalega á dag alla virka daga vikunnar.

Ég kalla á þjóðaráttak um innviði kerfisins. Ég vil borga lögregluþjón-  
um mannsæmandi laun og gera vinnuáðstæður þeirra viðunandi áður en við tökum ákvörðun um að vopnbúa alla. Þegar álagið er ómennskt gerast líka slysin. Búum þannig um okkar laganna verði að þeim liði vel í vinnunni.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
Í ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI  
OG ARNARBAKKA



Iceland

pepsi  
MÖRKIN



SPORT 365.is 365

# KING KOIL. WAREHOUSE CLEARANCE!

Vorum að fá  
„VÖRUHÚSA-HREINSUNAR“-dýnur  
frá King Koil í Queen stærð (153x203 cm)

KOMDU, MÁTAÐU OG KAPTU DÝNU  
SEM HENTAR ÞÉR Á FRÁBÆRU VERÐI.  
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

STÖK DÝNA AÐEINS:  
**43.600 kr.**

DÝNA m/botni og fótum  
**89.544 kr.**

## ER KOMINN TÍMI Á NÝTT RÚM?



**ERGOMOTION E40+**  
Tvískipt hjónarúm 180x200sm  
með einfaldri og góðri fjarstýringu  
og Royal Corinna dýnum.  
(Royal Corinna er hágæða millistíft fimm svæðaskipt  
heilsudýna með pokagormakeri og áföstum topp)

**TILBOÐSVERÐ AÐEINS  
24.746 kr. Á MÁNUÐI\***  
á meðan birgðir endast.  
Vaxtalaust og fyrsta greiðsla í október 2017.  
**STAÐGREITT 282.217 kr.**

**rekkjan**